

ORGAN
Líffæragjafi
DONOR

ORGAN
Líffæragjafi
DONOR

ORGAN
Líffæragjafi
DONOR

Fylltu út líffæragjafakort!

Kortið staðfestir ákvörðun þína.

Hvar eru ígræðslur gerðar?

Íslendingar sem þarfnast líffæra úr látnu fólki fá þau nú ígrædd á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Þangað fara þau ígræðslulíffæri sem gefin eru hérlandis. Þau eru hluti af þeim norræna líffærasjóði sem íslenskir sjúklingar geta sótt í.

Taktu ákvörðun!

Ræddu við þína nánustu um afstöðu til líffæragjafar. Fylltu út líffæragjafakort og geymdu það með öðrum persónuskilríkjum þínum. Hver sem afstaða þín er kemur þú óskum þínum á framfæri og getur þá létt erfiðri ákvarðanatöku af ástvinum þínum.

**Þú tekur sjálfstæða ákvörðun.
Það er tillitssemi við þína nánustu
að taka afstöðu til líffæragjafar.**

Bæklingur þessi er gefinn út af Landlæknisembættinu í samráði við líffæraflutninganefnd og með stuðningi Landspítala-háskólasjúkrahúss, Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Fyrsta útgáfa 1995, endurútgáfa 2003.

Prentvinnsla: Offset ehf.



Líffæra- gjafi

**Taktu afstöðu
til líffæragjafar**

Í hverju er líffæragjöf fólgin?

Í líffæragjöf felst að líffæri (hjarta, lungu, lifur, nýru, bris) eru fjarlægð úr látinni manneskju og síðan grædd í sjúklinga sem þarfnast þeirra. Líffæri er unnt að nota úr allt að sjötugum einstaklingum. Í nýrnasjúka eru stundum grædd nýru úr heilbrigðum aðstandendum.

Hvers vegna ættir þú að taka afstöðu til líffæragjafar?

Þá vita ættingjar hug þinn um líffæragjöf.

Komi líffæragjöf til greina þegar dauða ber að höndum spyrja lækna aðstandendur um afstöðu hins látna til líffæragjafar. Sé hún ekki þekkt kemur það í hlut nánustu ættingja að taka ákvörðun um líffæragjöf en það getur verið erfitt á sorgarstund.

Er unnt að staðfesta dauða með vissu?

Já. Þegar blóðrennsli til heilans stöðvast með öllu deyr heilinn (heiladauði). Öll starfsemi hans hættir og samkvæmt lögum er manneskjan þá látin. Langoftast deyrja menn þannig að öndun hættir og hjartsláttur stöðvast og þar með allt blóðrennsli. Í fáeinum sjúklingum í öndunarvélarmedferð getur orðið algert heiladrep án þess að hjartsláttur stöðvist strax. Þá er hægt að halda blóðrás og öndun gangandi um sinn. Dauðinn er þá staðfestur með taugaskoðun og öðrum rannsóknum. Stundum er gerð æðamyndataka af heilaeðum.

Hvenær er meðferð hætt?

Þegar algert heiladrep hefur verið staðfest er manneskjan úrskurðuð látin. Þá er allri meðferð hætt. Ef nema á brott líffæri til ígræðslu er meðferð haldið áfram þar til þau hafa verið fjarlægð.

Þarfnast margir ígræðslulíffæra?

Á hverju ári þarfnast um það bil 10 sjúklingar hér á landi ígræðslu. Forsenda ígræðslu er að líffæri fái frá nýlátnum. Ekki er unnt að nýta líffæri nema í litlum hluta dauðsfalla en hver líffæragjafi getur bjargað allt að sex mannlífum. Því er áriðandi að sem flestir séu fúsir til að gefa líffæri.

Hverjir þarfnast líffæraígræðslu?

Allir geta fengið sjúkdóma sem leiða til alvarlegra sjúkdóma í nýrum, hjarta, lifur, lungum og brisi. Fyrir börn með meðfædda sjúkdóma í nýrum, hjarta, lungum eða lifur getur ígræðsla verið hið eina sem bjargað getur lífi þeirra.

Hversu góður er árangurinn?

Yfirleitt er árangur góður. Margir lifa eðlilegu lífi með ígrædd líffæri. Þeir geta stundað vinnu og líkamsrækt. Konur með ígrædd líffæri geta eignast börn.

- Við andlát mitt er heimilt að nota líffæri mín til ígræðslu (At my death I permit use of my organs for transplantation)
- Heimildin nær þó ekki til eftirtalinna líffæra (excepting):
-
- Ég heimila ekki líffæragjöf (I refuse to donate my organs)

Nafn

Kennitala

Dagsetning

Undirskrift

- Við andlát mitt er heimilt að nota líffæri mín til ígræðslu (At my death I permit use of my organs for transplantation)
- Heimildin nær þó ekki til eftirtalinna líffæra (excepting):
-
- Ég heimila ekki líffæragjöf (I refuse to donate my organs)

Nafn

Kennitala

Dagsetning

Undirskrift

- Við andlát mitt er heimilt að nota líffæri mín til ígræðslu (At my death I permit use of my organs for transplantation)
- Heimildin nær þó ekki til eftirtalinna líffæra (excepting):
-
- Ég heimila ekki líffæragjöf (I refuse to donate my organs)

Nafn

Kennitala

Dagsetning

Undirskrift